


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011	<b>BSF 301 Stýri – fjöðrun – hjólastilling Kennsluáætlun haust 2013</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 1		

<b>Kennari</b>	Haraldur Vilhjálmsson	<b>Sk.st.</b>	HÁV
----------------	-----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Farið yfir aðferðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagni og vinnubrögð við undirbúning og framkvæmd hjólastillinga, bæði tvíhjóra og fjórhjólastillingar. Farið yfir hjólhorn og tilgang þeirra. Gerðar æfingar í hjólastillingum með vélrænum og rafrænum tækjum. Áhersla á hættur við vinnu undir ökutæki, nákvæm vinnubrögð og akstursöryggi eftir viðgerð.

### Markmið:

Nemandi þekki kröfur til stýris, fjöðrunar og hjólabúnaðar í reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Nemandi geti lýst afleiðingum þess ef hjólstefna er röng eða vanstillt. Hann getur undirbúið hjólastillingu og ástandskoðað stýris og fjöðrunabúnað. Nemandi geti mælt og stillt hjólstefnu fólks og flutningabifreiða.

### Námsgögn:

Modern Automative Technology 1 útgáfa 2006.  
Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.  
Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

### Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra undirbúning og framkvæmd hjólastillinga, tilgang hjólhorna og áhrif þeirra á aksturseginnleika og misslit á hjólbörðum. Þeir vinna 1 bóklegt og 1 verklegt verkefni í lotunni auk lokaprófs. Skiladagur verkefnis er fyrir lok lotunar. Berist verkefni eftir að skilafresti lýkur er hámarkseinkunn 5. Hafi verkefni ekki verið skilað 5 sólarhringum eftir að skilafresti lýkur er einkunn fyrir verkefnið 0. Til að verkefni gildi til lokaeinkunnar verður að ná 5 á lokaprófi.

### Verkefni:

1 heimaverkefni. 1 verklegt verkefni og lokapróf

### Námsmat og vægi námsþátta:

Heimaverkefni 20%. Verklegt verkefni 20%. Lokapróf 40%. Ástundun 20%.


### Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils